

Ytra mat leikskóla Sjálund Garðabæ

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-65-7

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	8
Gagnaöflun	8
Leikskólinn Sjáland	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Starfsmenn	9
Starfsmannavelta	10
Húsnæði	10
Útileiksvæði	10
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008	10
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	10
Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins	10
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	11
Skólanámskrá	12
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá	12
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	14
Stjórnun og starfsmannamál	14
Stjórnskipulag og skipurit	14
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	16
Uppeldi, menntun og umönnun	17
Leikföng og efniviður	18
Líðan barna	18
Lýðræði og mannréttindi	18
Samskipti og hegðun	19
Skólaþróun	19
Mat á námi og velferð barna	20
Skólabragur og samskipti	21
Starfsandi	21
Jafnrétti	22
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	22
Foreldraráð og foreldrafélag	23
Samstarf leikskóla og grunnskóla	23
Annað samstarf	23
Innra mat	25
Samantekt	28
Lokaorð	30
Heimildir	31

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Sjálands í Garðabæ hófst í núverandi mynd í júlí 2006. Leikskólinn er sjálfstætt starfandi leikskóli, rekinn af Sjálandi ehf. Árið 2013 var gerður viðbótarsamningur við Garðabæ um leigu á rými í Sjálandsskóla sem nýtt er fyrir elstu börn leikskólans. Í leikskólanum Sjálandi er talað um kjarna í stað deilda, kjarnastjóra í stað deildarstjóra og kennara í stað starfsmanna. Húsnæði leikskólans er rúmgott og bjart og uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Útileiksvæði leikskólans er stórt og vel skipulagt.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Leikskólinn starfar samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins og hefur mótað eigin hugmyndafræði sem nefnist *Fjölvísistefna* og byggir á fjölgreindarkenningu Howard Gardner. Gildi leikskólans er *náttúruleg gleði*. Lögð er hersla á einstaklingsmiðað nám, að mæta hverju barni þar sem það er statt og gefa því tækifæri til að vinna á eigin forsendum. Unnið er að gerð gæðahandbókar fyrir leikskólann og verið er að innleiða jákvæða agastjórnun til að samræma vinnulag alls starfsfólks.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Sjálands er frá árinu 2013 og uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Garðabæjar frá 2014. Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Leikskólinn vinnur eftir eigin hugmyndafræði, Fjölvísistefnu, og lögð er áhersla á að allir hafi jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum. Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af hlýju og virðingu. Endurskoða þarf hópastarf á kjörnum, viðfangsefni þess og skipulag og skoða hvort það samræmist skólanámskrá. Æskilegt er að greina hvernig unnið er með námssvið leikskólans út frá skólanámskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskóla. Skoða þarf verkefnaval með tilliti til aldurs og þroska barna og bjóða ætti upp á meiri fjölbreytni í verkefnum í vali og hópastarfi. Auka þarf aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Góð samskipti eru milli stjórnenda og gerð hefur verið skrifleg verkaskipting milli leikskólastjóra, tveggja aðstoðarleikskólastjóra og yfirmanns sérkennslu. Góð samvinna er milli leikskólastjóra og leikskólanefndar. Móttaka nýrra starfsmanna er vel skipulögð. Leikskólinn gefur árlega úr starfsáætlun og skilar árskýrslu. Leikskólinn er með ýtarlega viðbragðsáætlun. Allir kennarar og kjarnastjórar fá greidda yfirvinnu sem nýtt er til undirbúnings en yfirvinnugreiðslurnar samsvara þeim tíma sem ætlaður er til undirbúnings samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara.

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að ekki eru allir sáttir við þetta fyrirkomulag og væri gagnlegt að taka upp umræðu við starfsmenn um þetta fyrirkomulag. Ekki er full sátt um ákvarðanatökur í leikskólanum og væri æskilegt að endurskoða það ferli með öllum starfsmönnum leikskólans. Auðvelda ætti foreldrum að koma ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið á framfæri og koma til móts við þær eins og kostur er.

Uppeldi, menntun og umönnun

Gildi Sjálands er *náttúruleg gleði* og markmið leikskólans er að allir hafi jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum. Skýrt og einfalt skipulag á að stuðla að því að allir viti að hverju þeir ganga og hvernig dagurinn er skipulagður. Hópastarf er skipulagt með viku fyrirvara og koma börnin að þeirri vinnu. Starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og virðingu og tekur þátt í leik barnanna. Verkefni sem börnum er boðið upp á í vali eru einhæf og sömu tilboð eru í boði tvisvar á dag. Endurskoða ætti viðfangsefni í vali, auka fjölbreytnina og gæta þess að verkefni hafi aldri og þroska barnanna. Viðfangsefni í hópastarfi þarfnast einnig endurskoðunar, að undanteknu hópastarfi í skólakjarna sem er vel skipulagt og í samræmi við námssvið leikskólans. Matmálistímum er alfarið stýrt af starfsfólki, börnin fá engin tækifæri til að taka þátt í gerð matseðla og hafa engin sýnileg hlutverk í leikskólanum. Þessa þætti mætti endurskoða, leita leiða til að auka áhrif barnanna á leikskólastarfið og efla lýðræðislegt starf með börnunum.

Skólabragur og samskipti

Almennt eru samskipti og starfsandi í leikskólanum nokkuð góð en æskilegt væri að láta gera viðhorfskönnun meðal starfsfólks um starfsaðstöðu og starfsánægju þar sem ekki virðist ríkja fullt traust milli starfsfólks og yfirmanna. Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu og er með jafnréttisáætlun. Stjórnendur leikskólans hafa þá stefnu að gera námssamninga við starfsmenn sem vilja mennta sig áfram í starfi og mikilvægt er fyrir leikskólann að áfram verði leitað allra leiða til að fjölga leikskólakennurum til að leiða faglegt uppeldisstarf í leikskólanum. Starfsfólki finnst það ekki fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf og góðar hugmyndir og ættu stjórnendur að auka markvisst hrós og endurgjöf til starfsmanna.

Mat á námi og velferð barna

Fylgst er með námi og velferð barna á skipulagðan hátt. Mat á námi og velferð barna fer fram í gegnum skráningar í val tímum og hópastarfi og með gerð námssagna fyrir hvert barn. Gerðar eru einstaklingsskrár fyrir hvert barn þar sem skráðar eru allar breytingar á þroska, bæði myndrænt og skriflega. Upplýsingarnar eru notaðar í foreldraviðtölum og við innra mat í leikskólanum.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann. Kjósa ætti í foreldraráð að hausti ár hvert. Foreldrar eru ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk og upplýsingamiðlun frá leikskólanum. Þeir eru einnig ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem veittar eru í þeim. Til er móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Gott og vel skipulagt samstarf er milli skólastiga. Foreldrar eru ekki allir á eitt sáttir með þann leikfangakost og efnivið sem í boði er í leikskólanum og væri æskilegt að taka þá umræðu upp með foreldrum og starfsfólki.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Leikskólinn hefur byggt upp metnaðarfulla þjónustu fyrir börn með sérþarfir. Hópur starfsfólks með mismunandi menntun myndar öflugt sérkennsluteymi innan leikskólans. Stefna leikskólans er að vinna sem mest að þjálfun og sérkennslu í almennu starfi á kjörnum. Leikskólinn nýtir ráðgjöf og þjónustu fjölskyldusviðs Garðabæjar. Auka ætti upplýsingar um þessa þjónustu á heimasíðu leikskólans. Æskilegt væri að endurskoða áherslur og vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Ekki er gerð áætlun um innra mat leikskólans en matið er framkvæmt á sama hátt ár hvert. Skráningar í valstundum og hópastarfi út frá stöðluðum skráningarblöðum og námssögur liggja til grundvallar innra mati leikskólans. Skráningar og námssögur eiga að sýna framfarir barna út frá greindum samkvæmt fjölgreindarkenningu Gardners, en ein námssaga er gerð á önn fyrir hvert barn. Gögnum er safnað í einstaklingsmöppu (námsbók barnsins) sem fylgir hverju barni út leikskólagönguna. Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma (3-5 ára) og taka inn fleiri matsþætti sem tengjast námssviðum leikskólans og viðhorf og starfsfólks. Einnig væri æskilegt að gera umbótaáætlun sýnilegri í leikskólanum. Í undirbúningi er þátttaka leikskólans í Skólapúlsi Garðabæjar.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Sjálandi í Garðabæ. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 2., 3., 4. og 10. febrúar 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Helstu matsþættir sem teknir voru fyrir eru; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsmannamál, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og innra mat. Því til viðbótar var metið hvernig starfsfólk með aðra menntun en leikskólakennaramenntun nýtist í starfi og starfsemi þjálfunarkjarna er sér um þjónustu við börn með sérþarfir. Síðast töldu matsþættirnir voru að ósk sveitarfélags og leikskóla og komu fram þegar sótt var um ytra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. gr. Laga um leikskóla nr. 90/2008.

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskólans, viðtökuskóla og foreldra.
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum. sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 19. janúar 2015 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 2. febrúar 2015 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á fimm deildum leikskólans en vettvangsathugun í Skólakjarna fór fram 10. febrúar 2015. Haldnir voru rýnihópafundir með kjarnastjórum, starfsfólki á kjörnum, börnum í elsta árgangi leikskólans, foreldrum og formönnum foreldraráðs og foreldrafélags. Þátttakendur í rýnihópum foreldra, starfsmanna og barna voru allir valdir með slembiúrtaki. Viðtal var tekið sameiginlega við tvo aðstoðarleikskólastjóra og einnig var tekið sameiginlegt viðtal við yfirmenn á þjálfunarkjarna og sérkennslustjóra. Tekið var einstaklingsviðtal við leikskólastjóra. Vegna viðbótarmatsþátta var spurningum vegna þeirra beint til yfirmanna þjálfunarkjarna og sérkennslu, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og einnig skoðað sérstaklega í vettvangsathugunum. Haft var samband við formann leikskólaneftndar Garðabæjar sem vísaði viðtalinu til leikskólafulltrúa bæjarins.

¹ Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem leikskólinn lagði fram.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjá og hálfan dag; 2., 3., 4. og 10. febrúar 2015. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn væru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af skólastarfi á þeim fimm meginþáttum sem viðmiðin ná til². Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Leikskólastjóra var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við skýrsluna.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn Sjáland

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Sjálands í Garðabæ hófst 15. ágúst 2005 í húsnæði Sjálandsskóla. Í upphafi voru 33 börn í leikskólanum á aldrinum 18 mánaða til fimm ára. Í júlí 2006 flutti leikskólinn í eigið húsnæði að Vesturbrú 7 í Garðabæ. Leikskólinn er sjálfstætt starfandi leikskóli, rekinn af Sjálandi ehf. með þjónustusamning við Garðabæ til 25 ára. Árið 2013 var gerður viðbótarsamningur til þriggja ára við Garðabæ um leigu á rými í Sjálandsskóla sem nýtt er fyrir elstu börn leikskólans í skólakjarna. Í leikskólanum Sjálandi er talað um kjarna í stað deilda, kjarnastjóra í stað deildarstjóra og kennara í stað starfsmanna.³

Í leikskólanum dvelja 145 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, 65 stúlkur og 81 drengur. Börnunum er skipt á sex kjarna; Yngrikjarna, Gulakjarna, Grænakjarna, Bláakjarna, Rauðakjarna og Skólakjarna. 13 til 37 börn eru á kjörnum og hópastærð er frá fjórum til níu og fer fjöldi á kjörnum og í hópum eftir aldri barna. 16% barna í leikskólanum eiga annað móðurmál en íslensku og 9% barna eru með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – 17:00.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 57 starfsmenn í 47,67 stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri, starfsfólk í eldhúsi, ræstingum og afleysingum. Stjórnunarhlutfall Sjálands er 300%, þ.e. leikskólastjóri og tveir aðstoðarleikskólastjórar. Starfsmenn utan kjarna eru þrír í sérkennsluteymi í 1,25 stöðugildum, 14 í þjálfunarteymi í 10,88 stöðugildum, talmeinafræðingur í 10% starfshlutfalli, tveir starfsmenn í eldhúsi í 2 stöðugildum, tveir starfsmenn í ræstingu einu stöðugildi og fjórir í afleysingum fyrir undirbúning í 1,2 stöðugildum. Sjö karlmenn eru starfandi við leikskólann. Aðeins tveir starfsmenn leikskólans eru menntaðir leikskólakennarar, leikskólastjóri og kennari í þjálfunarkjarna. Þrettán starfsmenn eru með B.Ed. eða BA próf í uppeldisgreinum, 14 starfsmenn með BA eða BS próf í öðrum greinum og 28 leiðbeinendur eru án háskólaprófs. Leikskólinn á því langt í land með að uppfylla ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁴ Í viðtali við leikskólafulltrúa Garðabæjar kom fram að vissar áhyggjur væru af lágu hlutfalli leikskólakennara í leikskólanum.⁵

² Sjá nánar í lok skýrslunnar.

³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁵ Viðtal við leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Starfsmannavelta

Nokkur starfsmannavelta var í leikskólanum 2014. Hún skýrist m.a. af fjölgun starfsmanna á þjónustukjarna, en þar fjölgaði um sex stöðugildi á árinu. Tveir starfsmenn fóru í langtíma veikindaleyfi og fjórir í fæðingarorlof. Sjö nýir starfsmenn voru ráðnir vegna starfsmanna sem hættu.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁶ Húsnæðið í aðalbyggingu leikskólans er rúmgott og bjart og hljóðvist er góð. Hver kjarni hefur til umráða leikstofu, hvíldarherbergi og snyrtingu en sameiginlegur fataklefi er fyrir þrjá yngstu kjarnana og annar fyrir tvo elstu. Auk þess er sameiginlegt rými á opnu svæði í miðju leikskólans og í listaskála. Ein sameiginleg skrifstofa er fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórana tvo, kaffistofa fyrir starfsmenn, fundarherbergi, undirbúningsherbergi og aðstaða fyrir sérkennslu. Í húsnæði fyrir elstu börnin, sem staðsett er í Sjálandsskóla, hefur kjarninn til umráða eitt rými á fyrstu hæð og deilir leikrými með frístund grunnskólans á annarri hæð. Kjarninn hefur aðgengi að snyrtingu í anddyri grunnskólans og við leikrýmið á annarri hæð.

Útileiksvæði

Útileiksvæði leikskólans er stórt og vel skipulagt. Ekki er mikið af leiktækjum á útileiksvæðinu en svæðið býður upp á margskonar áskoranir og tækifæri til leikja. Samkvæmt upplýsingum frá kjarnastjórum og rýnihópi foreldra hafa komið fyrirspurnir frá foreldrum varðandi þá stefnu leikskólans að bjóða ekki upp á mörg leiktæki á útileiksvæðinu.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Gefin var út skólanámskrá sem tekur mið af áherslum aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2008.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Styrkur sveitarfélagsins til leikskólans hélst óbreyttur. Leikskólinn endurskoðaði innkaup og fækkaði starfsmannafundum úr ellefu í níu. Að sögn leikskólastjóra voru breytingarnar frekar þáttur í endurskoðun á starfinu en afleiðingar efnahagshrunsins.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Einkunnarorð skólastefnu Garðabæjar eru: *Metnaður - Virðing - Sköpun - Gleði*. Í skólastefnunni segir að skólasamfélagið í Garðabæ byggir á eftirfarandi áhersluatriðum:

- þjónustu við börn frá því að fæðingarorlofi lýkur
- eftirfylgni með börnum og ungmennum fram að 18 ára aldri
- samfelldu námi barna og ungmenna
- einstaklingsmiðuðu námi og námshraða
- virku samstarfi heimila og skóla
- frjálsum vali um skóla
- sjálfstæði skóla til að marka sér sérstöðu
- fjölþættri ráðgjafa- og stoðþjónustu skóla

⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- samræmdu skóladagatali leikskóla og grunnskóla
- heilsársopnun leikskóla
- góðu námsumhverfi
- fjölbreyttum tækifærum nemenda til hreyfingar og útiveru
- lýðræðislegum starfsháttum skóla
- jákvæðum skólabrag
- góðu starfsumhverfi
- virkri símenntun starfsfólks

Einnig segir í skólastefnunni að skólasamfélagið skuli stuðla að fjölbreyttri þjónustu við fjölskyldur frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til ungmenni hafa náð 18 ára aldri. Lögð er áhersla á að samfella sé í námi barna og ungmenna sem byggir á einstaklingsmiðuðu námi, áhugahvöt og námshraða, virkri samvinnu heimilis og skóla, frjálsu vali um skóla, sjálfstæði skóla og fjölbreytni í rekstri og þjónustu, fjölbreyttum tækifærum til hreyfingar og útiveru, jákvæðum skólabrag, lýðræðislegum starfsháttum og góðu og hvetjandi starfsumhverfi.⁷

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans

Gildi Sjálands er *náttúruleg gleði*. Leikskólinn starfar eftir eigin hugmyndafræði sem nefnist *Fjölvísistefna*⁸ og byggir á fjölgreindakenningu Howard Gardner.⁹ Í viðtali við leikskólalastjóra kom fram að lögð er áhersla á fjölbreytni, einstaklingsmiðað nám og að mæta hverju barni þar sem það er statt og gefa því tækifæri til að vinna á eigin forsendum: „Leggjum mikið upp úr því að við séum að vinna með hvern og einn þar sem hann er staddur“. Í viðtali við leikskólalastjóra og við aðstoðarleikskólalastjóra kom fram að áhersla er á að vinna fjölbreytt starf út frá fjölgreindum að hafa fjölbreytni innan starfsmanna-hópsins.¹⁰ Leikskólalastjóri sagði að lögð væri áhersla á gæða skólastarf og að allir fengju kennslu við hæfi. Leikskólinn er Skóli á grænni grein og flaggaði Grænfána fyrstur leikskóla í Garðabæ árið 2008.

Í leikskólanum er börnunum skipt í stelpu- og strákakjarna á fjórum kjörnum en kynin eru saman í yngri kjarna og í skólakjarna. Í leikskólanum eru börnin í skólabúningum og á öllum kjörnum eru fjórir starfsmenn. Leikskólalastjóri segir stjórnendur oft þurfa að rökstyðja stefnu skólans varðandi kynjaskiptingu, skólabúninga og fjölda starfsmanna á kjörnum.¹¹

Verið er að innleiða jákvæða agastjórnun sem starfsmenn leikskólans hafa mótað og í gangi er vinna við að gera gæðahandbók fyrir leikskólann. Gæðahandbókin mun skiptast í fjóra kafla, skólanámskrá, mannauðskafla, foreldraauð og rekstrarkafla. Fyrsti kafli gæðahandbókarinnar er kominn út og gert er ráð fyrir að tveir næstu kaflar, mannauðskafli og foreldraauður, komi út í vor og rekstrarkafllinn í framhaldi af því.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur mótað ákveðna hugmyndafræði og gildi sem starfsfólk þekkir.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, að mæta hverju barni þar sem það er statt og gefa því tækifæri til að vinna á eigin forsendum.
- Í gangi er vinna við gæðahandbók fyrir leikskólann.
- Verið er að innleiða jákvæða agastjórnun til að samræma starfsaðferðir í leikskólanum.

⁷ Skólastefna Garðabæjar.

⁸ Skólanámskrá leikskólans.

⁹ Gardner, Howard. 1983.

¹⁰ Viðtal við leikskólalastjóra og við aðstoðarleikskólalastjóra.

¹¹ Viðtal við leikskólalastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skólanámskrá

Skólanámskrá uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Garðabæjar frá 2014.

Skólanámskrá leikskólans Sjálands var að mestu unnin á kjarnastjórafundum og starfsmannafundum. Leikskólastjórnaendur gerðu drög að skólanámskrá sem kjarnastjórari lásu yfir og gerðu athugasemdir við drögin. Skólanámskráin var lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og er birt á heimasíðu leikskólans. Í skólanámskrá kemur fram að leikskólinn vinnur eftir eigin hugmyndafræði sem nefnist *Fjölvisistefna* en hún byggir eins og fyrr segir á fjölgreindakenningu Howard Gardner.¹²

Gildi leikskólans er *náttúruleg gleði* og í skólanámskrá er fjallað áherslu Fjölvisistefnunnar á einstaklingsmiðaða nám þar sem hverju barni er mætt þannig að það fái tækifæri til að vinna út frá sínum styrkleikum og að tekið sé tillit til fjölbreytileikans. Í skólanámskrá segir:

Þegar allir fá að vera þeir sjálfir kemur fram náttúruleg gleði sem er sjálfsprottinn og innleg. Til að mæta öllum er unnið með fjölbreytt verkefnaval og opinn efnivið. Skýrt og einfalt skipulag er nýtt til að allir viti að hverju er gengið og hvernig deginum er háttað.¹³

Einnig segir að hlutverk starfsmanna eða kennara sé að vera til staðar fyrir börnin og að vera þátttakendur í þeim verkefnum sem unnið er að, hafa yfirsýn og aðstoða börnin með jákvæðni og gleði að leiðarljósi, geta gripið inni aðstæður, leiðbeint og vera tilbúinn að breyta verkefnum ef hugur barnanna fer á flug í aðrar áttir en áætlunin gerir ráð fyrir.¹⁴ Í viðtali við leikskólafulltrúa Garðabæjar kom fram að leikskólanefnd hefur samþykkt skólanámskrá leikskólans.¹⁵

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í hópastarf og val. Hópastarf er allan morguninn en val eftir hádegi og eftir síðdegishressingu. Allir starfsmenn á kjörnum eru hópstjórar. Hópastarf er skipulagt fyrir eina viku í senn, á föstudögum skila hópstjórar á kjörnum áætlun um hópastarf fyrir næstu viku til kjarnastjóra sem fer yfir áætlunina. Vinna á með greindirnar samkvæmt fjölgreindakenningu Gardner í verkefnum í hópastarfi og eiga hópstjórar að merkja daglega við á sérstökum matsblöðum hvaða greindir er unnið með þann daginn. Hópstjórar á yngri kjörnum ákveða hvað gert er í hópátíma en á eldri kjörnum eru börnin spurð hvað þau vilji gera í hópátíma.¹⁶

Í vettvangsathugunum sáu matsmenn að í boði voru stórir legokubbar og krosskubbar í vali á yngri kjörnum. Á eldri kjörnum voru litlir legokubbar, krosskubbar og smellukubbar í boði. Á öllum kjörnum var fönður einnig í vali. Verkefnið þar var að teikna á hvít blöð með vaxlitum eða trélitum. Í valstundum léku börnin sér mest við borð en alltaf var einn hópur í leikstofu og lék sér þar á gólfi með púða eða drusluföt. Í skólanámskrá leikskólans er talað um að vinna eigi með fjölbreytt verkefnaval og opinn efnivið en í vettvangsathugunum matsmann á valtíma einkenndist valið af miklu flæði barna á milli svæða og einhæfum verkefnum. Börnin vörðu miklum tíma í að fara á milli svæða og stöldruðu gjarnan lengi við fyrir framan valspjöldin. Of lítill stífgandi var í valtilboðum með tilliti til aldurs barna og verkefnin sem í boði voru fyrir eldri börnin í leikskólanum voru ekki nægilega krefjandi.

¹² Skólanámskrá leikskólans.

¹³ Skólanámskrá leikskólans.

¹⁴ Skólanámskrá leikskólans.

¹⁵ Viðtal við leikskólafulltrúa Garðabæjar.

¹⁶ Námskrá leikskólans og viðtal við kjarnastjóra.

Skólakjarni hefur aðstöðu í húsnæði grunnskólans. Í skólakjarna er einnig boðið upp á skipulagt hópastarf fyrir hádegi og val eftir hádegi og síðdegishressingu. Hópastarf er skipulagt þannig að í hverri viku fara börnin í markvissa málörvun, stærðfræði, stafainnlögn og ensku. Kjarnastjóri er búinn að skipta þessum þáttum niður á vikudagana fyrir hvern hóp. Unnið er með þessa þætti í fyrri helming hópátímans en seinni hlutann skipuleggja börnin með hópstjóranum. Áætlun fyrir hópastarf komandi viku í skólakjarna á að vera tilbúið á föstudögum.

Fjölbreyttara val var í boði í skólakjarna en á hinum kjörnunum. Sjö svæði voru í boði; kubbakrúkur, krosskubbar, smellukubbar, legokubbar, kaplakubbar, spilakrúkur og föndurkrúkur. Einu sinni í viku fara börnin í tveim elstu árgöngunum í sundkennslu.

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að áherslur leikskólans í leik og starfi væru virðing í samskiptum við börn, jákvæðni og að starfsmenn væru virkir þátttakendur í leik og starfi barnanna.¹⁷ Í vettvangsathugunum sáu matsmann dæmi um þetta, starfsmenn beygðu sig niður í hæð barnanna þegar þeir töluðu við þau, hlustuðu á þau og sýndu þeim hlýju og virðingu. Matsmenn sáu auk þess góð dæmi um leik með börnum, sérstaklega á yngstu kjörnunum.

Verið er að innleiða sérstaka agastefnu í leikskólanum en markmiðið með henni er að tryggja jafnræði meðal barnanna og að sömu reglur gildi fyrir alla.¹⁸

Vinna með læsi var ekki mikið sýnileg í leikskólastarfinu nema í skólakjarna. Börnin hafa ekki aðgang að bókum þar sem þær eru geymdar inni í lokuðum skápum en í vettvangsathugun í skólakjarna sáu nokkrar myndabækur og myndablöð. Á valttíma höfðu börnin aðgang að pappír og litum. Í samverustundum fyrir hádegismat og síðdegishressingu var spjallað við börnin og sungið. Í starfsáætlun leikskólans segir að vinna eigi með námsögur og gera eina fyrir hvert barn á önn.¹⁹ Í vettvangsathugunum sáu matsmenn sýnishorn af námssögum. Vinna með stærðfræði var helst sýnileg í vinnu með mismunandi kubba.

Listaskáli er hluti af sameiginlegu rými leikskólans sem hópstjórar hafa aðgang að á hópátíma en matsmenn sáu hann ekki oft nýttan. Mikið er til af svokölluðu verðlausu efni sem borist hefur leikskólanum eftir ýmsum leiðum, m.a. frá foreldrum. Annars var efniviður í listaskála fábreyttur. Sköpun er ekki mikið sjáanleg í starfi leikskólans og verk barna ekki sýnileg, nema myndir á vegg í skólakjarna.

Leikskólinn er Grænfánaskóli og unnið er með sjálfbærni. Á öllum kjörnum eru flokkunarkassar þar sem allur úrgangur er flokkaður. Leikskólinn er með moltutunnur en unnið er að þróunarverkefni sem heitir *Maggi molta* og fjallar um hvað verður um úrganginn sem settur er í moltutunnurnar.²⁰ Leikskólinn er með eigin matjurtargarð þar sem ræktað er grænmeti á sumrin. Umhverfi leikskólans býður upp á mikla umhverfismennt þar sem sjór og fjara með ylströnd er í næsta nágrenni við hann. Í vettvangsathugun sáu matsmenn ekki dæmi um að unnið væri með börnunum að verkefnum sem tengjast umhverfismennt eða umhverfisvernd.

Til að auka heilbrigði og vellíðan er boðið upp á hollan mat og hreyfingu í leikskólanum. Maturinn er eldaður á staðnum og er lögð áhersla á að hafa gott hráefni og hollan mat.²¹ Skólakjarni, sem er í húsnæði grunnskólans, fær mat frá sama fyrirtæki og grunnskólinn og minni ánægja er með matinn þar en í leikskólanum.²² Hópátímar eru notaðir fyrir vettvangsferðir og útiveru en í nágrenni leikskólans eru góðir göngustígar. Lögð er áhersla á að börnin fari út að minnsta kosti einu sinni á dag, ef ekki í hópátíma þá sjá hópstjórar um að fara út með sinn hóp í valttíma.²³

¹⁷ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁸ Viðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

¹⁹ Starfsáætlun leikskólans.

²⁰ Upplýsingar frá leikskólastjóra – Umsókn um Grænfána.

²¹ Viðtal við leikskólastjóra.

²² Viðtal við kjarnastjóra.

²³ Viðtal við kjarnastjóra og rýnihópur starfsmanna.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Við gerð nýrrar skólanámskrár var fyrst haldinn fundur með svokölluðu þjóðfundarformi með öllu starfsfólki þar sem allir skrifuðu sínar hugleiðingar á litla miða sem síðan var unnið áfram með.²⁴ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar gerðu síðan drög að námskrá sem lögð voru fyrir kjarnastjóra sem lásu þau yfir, ræddu og komu með athugasemdir. Á starfsdegi unnu starfsmenn í hópum og fengu tækifæri til að koma með sitt innlegg í skólanámskrána og síðan var unnið áfram með efni skólanámskrárinnar á starfsmannafundum. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og kjarnastjórar gengu frá niðurstöðum á kjarnafundum. Í rýnihópum kjarnastjóra og starfsmanna kom fram að þeim fannst þeir ekki hafa haft mikla aðkomu að gerð skólanámskrár. Kjarnastjórar sögðu að ekki hefði verið gefinn sérstakur tími fyrir úrvinnsluna, hún hefði verið unnin á kjarnafundum: „Þá mátti krota í og umorða.“²⁵ Starfsmenn í rýnihópi töldu sig ekki hafa aðkomu að gerð skólanámskrár eða starfsáætlana.²⁶ Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra voru þeir starfsmenn sem lentu í rýnihópi ekki starfandi í leikskólanum þegar skólanámskráin var unnin.²⁷ Börn eða foreldrar komu ekki að gerð skólanámskrár en foreldraráð fékk hana til umsagnar.

Styrkleikar

- Skólanámskrá leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Í hópastarfi í skólakjara er lögð áhersla á alla þætti sem fram koma skólanámskrá.
- Í skólakjarna er unnið með læsi, stærðfræði og lýðræði.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af hlýju og virðingu.
- Á yngri kjörnum tekur starfsfólk þátt í leik barnanna.

Tækifæri til úrbóta

- Skilgreina ætti markmið hópastarfs betur, endurskoða skipulag þess og meta hvort það samræmist skólanámskrá og aðalnámskrá.
- Þjóða ætti upp á meiri fjölbreytni í verkefnum í vali.
- Gera ætti bækur sýnilegri og bæta aðgengi barna að þeim.
- Sjá til þess að þau verkefni sem í boði eru í vali séu hæfilega krefjandi og hæfi aldri og þroska barna.
- Auka þarf aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Æskilegt væri að gera vinnu með Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Sjálands er Sjáland ehf. en leikskólastjórinn situr í stjórn félagsins og er einn eigenda þess. Leikskólinn er með þjónustusamning við Garðabæ til 25 ára en Garðabær leigir húsnæði fyrir leikskólann af Hafnarlóð ehf. Leikskólastjóri Sjálands hóf störf þegar leikskólinn opnaði árið 2005. Hann leggur áherslu á mikla samvinnu stjórnunarteymisins en í því eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar tveir. Leikskólastjóri leggur einnig áherslu á að hafa eins flatt skipulag og

²⁴ Rýnihópur starfsmanna.

²⁵ Viðtal við kjarnastjóra.

²⁶ Rýnihópur starfsmanna.

²⁷ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

hægt er þannig að starfsfólk finni að það er þátttakendur í starfinu.²⁸ Leikskólastjóri sér um reksturinn, samskipti við sveitarfélög og samskipti við húseiganda vegna viðhalds og reksturs húsnæðisins. Stefna leikskólans er að allir starfsmenn séu í hlutverki kennara og kjarnastjórar séu stjórnendur á sínum kjarna og beri ábyrgð á starfsemi hans.²⁹ Skrifleg verkaskipting er milli leikskólastjóra, tveggja aðstoðarleikskólastjóra og yfirmanns sérkennslu og starfsfólk og kjarnastjórar þekkja verksvið hvers og eins, að því er fram kom í rýnihópum.³⁰ Fulltrúi úr stjórnunarteymi fundar daglega með kjarnastjórum. Leikskólinn hefur mótað viðverustefnu sem hefur það markmið að auka heilbrigði og ánægju starfsmanna, bæta nýtingu tíma og minnka veikindafjarvistir.³¹ Allir kennarar og kjarnastjórar fá greidda yfirvinnu sem nýtt er til undirbúnings en yfirvinnugreiðslurnar samsvara þeim tíma sem ætlaður eru til undirbúnings samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara. Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram óánægja með þetta fyrirkomulag.³² Leikskólastjóra er boðið að sitja fundi með leikskólastjórum í Garðabæ og að hans sögn nýtir hann sér það öðru hvoru. Aðstoðarleikskólastjóri situr sem fulltrúi starfsmanna í leikskólum Garðabæjar í leikskólanefnd og leikskólastjóri segist hafa gott aðgengi að upplýsingum frá leikskólafulltrúa Garðabæjar.³³ Fram kom í viðtali við leikskólafulltrúa að hann situr samráðsfundi með stjórnendum leikskólans á tveggja mánaða fresti.³⁴

Fjórir starfsdagar eru á ári og eru þeir nýttir til fræðslu fyrir starfsfólk og ýmsa skipulagsvinnu. Níu starfsmannafundir eru á ári og eru þeir nýttir fyrir fræðslu og stærrri verkefni, s.s. vinnu við námskrá, vinnu við starfsáætlun og agastefnu. Þessi vinna fer fram í hópastarfi. Dagskrá starfsmannafunda er kynnt í upphafi dags, niðurstöður og ákvarðanir eru skráðar og koma birtar í ársskýrslu leikskólans.³⁵ Kjarnafundir eru mánaðarlega og eru nýttir til að taka saman skráningar úr hópastarfi og vali. Gerð er dagskrá fyrir kjarnafundi og rituð fundargerð. Skipurit er til fyrir leikskólann en er ekki birt á heimasíðu. Á heimasíðu er að finna lista yfir starfsfólk, upplýsingar um menntun þess, bakgrunn, starfsheiti og hvar það starfar í leikskólanum.³⁶

Ákvarðanataka varðandi fagstarf og rekstur leikskólans er í höndum stjórnunarteymis. Að mati stjórnunarteymis er ákvarðanataka skilvirk og aðkoma starfsmanna eðlileg.³⁷ Að sögn aðstoðarleikskólastjóra eru mál sem varða fagstarf leikskólans rædd með kjarnastjórum á daglegum morgunfundum og lögð er áhersla á að kjarnastjórar komi skilaboðum á framfæri til starfsfólks og taki upp umræðu um málefni skólans á kjarnafundum. Aðstoðarleikskólastjórar eru sáttir við aðkomu sína að stjórnun leikskólans en telja að aðkoma starfsmanna að stjórnun mætti vera meiri, þó aðgengi þeirra að yfirstjórn sé gott.³⁸

Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram að nýlega hafi farið fram umræða um stjórnun í leikskólanum og hvernig best er að ræða breytingar við samstarfsfólkið: „Það er ekki sama hvernig það er gert, t.d. ef ég kem inn á kjarna og segi: „Mér finnst að það þurfi að breyta og að við gerum það svona“, eða að segja: „Mér finnst að það þurfi að breyta, hafið þið tillögur?“.“³⁹ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að unnið er að því að styrkja kjarnastjóra sem stjórnendur, m.a. með fræðslu og þjálfun.⁴⁰ Kjarnastjórar sögðust gjarnan vilja koma meira að skipulagi á kjörnum og fá meiri umræðu, of mikið af ákvörðunum kæmi ofan frá. Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram að skólakjarni hefði meira sjálfstæði um sitt skipulag en hann er staðsettur í Sjálandsskóla.⁴¹ Ekki hefur verið gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna af utanaðkomandi aðila á starfsumhverfi og starfsánægju.⁴²

²⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁹ Viðtal við leikskólastjóra og við aðstoðarleikskólastjóra.

³⁰ Rýnihópar kjarnastjóra og starfsmanna.

³¹ Gögn frá leikskólastjóra: Leikskólinn Sjáland – Viðverustefna.

³² Rýnihópur kjarnastjóra.

³³ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁴ Viðtal við leikskólafulltrúa Garðabæjar.

³⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁶ Heimasíða leikskólans.

³⁷ Viðtal við leikskólastjóra og við aðstoðarleikskólastjóra.

³⁸ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

³⁹ Rýnihópur kjarnastjóra.

⁴⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴¹ Rýnihópur kjarnastjóra.

⁴² Rýnihópur starfsmanna.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja auðvelt að ná sambandi við stjórnendur og að vel sé haldið utanum allt í leikskólanum, regla sé á öllu, allir vinni eins og að nýtt starfsfólk virðist fljótt að komast inn í starfið. Fram kom að foreldraráð hefur lagt fram tillögu um hvernig auðvelda mætti foreldrum að koma athugasemdum og/eða kvörtunum á framfæri við stjórnendur, t.d. með því að einn af stjórnendum sé ábyrgur fyrir að taka við slíkum tölvupóstum.⁴³ Í rýnihópi barna kom fram að þau vita ekki hvað leikskólastjórinn heitir eða hvað hann gerir.⁴⁴

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna upplýsingar um áherslur í starfi, markmið hvers kjarna, áherslur í foreldrasamstarfi og stefnu í starfsmannahaldi. Í starfsáætluninni segir að gildi starfsmannastefnu leikskólans séu *jákvæðni*, *nákvæmni* og *virðing*. Skólaárið 2014-2015 voru sett markmið um jafnlaunastefnu sem tryggja á jöfn laun karla og kvenna. Jafnréttisáætlun leikskólans er aðgerðaáætlun um hvernig leikskólinn mun innleiða jafnlaunastefnuna og jafnlaunastuðul sem er þróunarverkefni á vegum fjármálaráðuneytis sem leikskólinn tekur þátt í á þessu skólaári. Markmið með því verkefni er að auðvelda leikskólanum að viðhalda launajafnrétti kynja á vinnustaðnum. Ekkert kemur fram í starfsáætlun leikskólans um innra mat, samstarf leikskóla og grunnskóla, fyrirkomulag öryggis- og slysavarna eða upplýsingar um stoðþjónustu, eins og kveðið er á um í aðalnámskrá leikskóla.⁴⁵ Leikskólinn skilar ársskýrslu til fræðslunefndar Garðabæjar árlga.⁴⁶

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári. Aðstoðarleikskólastjóri sér um starfsmannamál leikskólans og tekur starfsmannasamtölin. Leikskólinn er með símenntunaráætlun fyrir starfsmenn. Móttökuáætlun, *Handbók nýliðans*, er til fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum. Í handbókinni eru upplýsingar um ráðningarferlið, hlutverk mentors, en allir nýir starfsmenn eiga að fá handleiðslu eldri starfsmanns, upplýsingar um innihald fyrsta viðtals við næsta yfirmann sem tekið er eftir þrjár til fjórar vikur í starfi og innihald annars viðtals sem leikskólastjóri tekur eftir þrjú mánuði. Einnig eru í handbókinni upplýsingar um markmið og skipulag starfsmannaviðtala.⁴⁷ Leikskólinn er með viðbragðsáætlun. Í henni er að finna reglur um öryggi barna í leikskólanum, tilkynningaskyldu starfsmanna til barnaverndaryfirvalda, sérfræðiþjónustu og stoðkerfi, viðbrögð við slysum, viðbrögð vegna gruns um ofbeldi eða misnotkun, viðbrögð við áföllum, eineltisáætlun og rýmingaráætlun.⁴⁸ Rýmingaráætlun leikskólans er vel sýnileg á öllum kjörnum leikskólans og í sameiginlegu rými. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að börnin hefðu gott aðgengi að honum og nefndi dæmi um erindi sem börnin hefðu komið með til hans. Leikskólastjóri sagðist þekkja flest börnin með nafni en sagðist ekki viss um að þau þekktu hans nafn eða vissu hvað hann gerir.⁴⁹ Í viðtali við leikskólafulltrúa kom fram að leikskólinn skilar árlega starfsáætlun og ársskýrslu til leikskólanefndar.

Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samskipti stjórnunarteymis eru góð og verkaskipting skýr og skrifleg.
- Leikskólinn hefur gert móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leikskólinn gefur út starfsáætlun og skilar árlega ársskýrslu.
- Leikskólinn er með ýtarlega viðbragðsáætlun.

⁴³ Rýnihópur foreldra og formaður foreldraráðs.

⁴⁴ Rýnihópur barna.

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁴⁶ Ársskýrsla leikskólans.

⁴⁷ Gögn frá leikskólastjóra: Handbók nýliðans – Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna.

⁴⁸ Gögn frá leikskólastjóra - Viðbragðsáætlun leikskólans Sjálands.

⁴⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða ferli ákvarðanatöku í leikskólanum.
- Æskilegt væri að taka upp umræðu um undirbúningstíma við starfsfólk.
- Auðvelda ætti foreldrum að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við stjórnendur.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Leikurinn skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.⁵⁰

Einkunnarorð leikskólans Sjálands eru *náttúruleg gleði* og markmið leikskólans er að allir hafi jafnan rétt til að njóta sín á eigin forsendum. Því er áherslan í Fjölvisistefnunni á einstaklingsmiðað nám þar sem hverju barni er mætt þannig að það fái tækifæri til að vinna út frá sínum styrkleikum og tekið er tillit til fjölbreytileikans.

Grundvöllur fjölgreinakenningar Gardner er byggður á virðingu fyrir margbreytileika manna, fjölbreyttum námsaðferðum og leiðum til að meta námsárangur og til að setja mark sitt á veröldina. Gardner hafði ekki trú á að eingöngu væri ein ákveðin leið sem hægt væri að fara til að nýta kenningu hans í skólum. Áhersla Fjölvisistefnunnar á fjölbreytt verkefnaval í skólastarfinu miðar að því að efla ólíka einstaklinga og styrkleika þeirra.⁵¹

Hver kjarni hefur sértæk markmið sem kjarninn setur sér fyrir hverja önn. Þessi markmið byggja á starfsáætlun skólaársins, skólanámskrá leikskólans og barnahópnum á kjarnanum. Markmiðin er að finna í starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015.⁵² Hópstjórar skipuleggja hópátíma út frá þessum markmiðum og skila vikuáætlun til kjarnastjóra á föstudögum. Í lok hópastarfs á hópstjóri að merkja við hvaða greind var unnið með þann daginn. Matsmenn sáu í vettvangsathugunum að hópátímar í skóla-kjarna voru markvisst skipulagðir til að tryggja að öll börn fengju sömu kennslu.

Skipulag hópastarfs er þannig að þegar hópstjóri er búinn að skipuleggja sína viku þarf hann að skrá sig á þau svæði sem hann ætlar að vinna á. Ef svæðið er upptekið og annar búinn að skrá sig þarf að breyta áætluninni.⁵³ Í vettvangsathugun sáu matsmenn unnið með púða og einingarkubba á yngri kjörnum, á eldri kjörnum var unnið með holukubba, sameiginlegt verkefni um fjölþjóðavíku, þessu verkefni var stýrt af starfsmanni. Einnig sáu matsmenn kjarkæfingar stúlkna úti á leikvelli og einn hópur vann með jógaæfingar og vettvangsferðir eru einn þáttur í hópastarfi.

Valið sem í boði var þegar vettvangsathuganir fóru fram var fábrotið og verkefnaval ekki alltaf í samræmi við aldur og þroska barna. Á öllum kjörnum var börnum boðið upp á að velja milli mismunandi kubba og stundum var einnig boðið upp á leir. Föndur var í boði á einu borði og var efniviðurinn alltaf sá sami, hvít blöð og vax eða trélitir. Eitt valsvæði var í leikstofu og þar fengu börnin að leika sér á gólfi með púða eða drusluföt. Matsmenn sáu að börnin stöldrúðu stutt við í þeim verkefnum sem í boði voru en eyddu miklum tíma við valspjaldið að sýsla með myndirnar og spjalla hvert við annað.

Í vettvangsathugunum sáu matsmenn að starfsfólk mætti börnunum af virðingu og gleði, hlustuðu og beygðu sig niður í augnhæð barnanna til að tala við þau. Starfsfólkið lagði sig fram og átti góðan leik með börnunum. Vinna með læsi er ekki mikið sýnileg í aðalbyggingu leikskólans og söng og sögu-stundir virðast ekki vera fastur liður í skipulagi kjarnanna. Bækur eru ekki sjáanlegar en samvera með börnunum fyrir matmálstíma er nýtt til að spjalla og vinna með markvissa málörvun. Matsmenn sáu tvö dæmi þar sem starfsmenn leiddu samverustundir og létu börnin reyna að finna út hver væri fyrsti stafur í ljóðinu sem ætlunin var að syngja. Í skólakjarna er ritmál sýnilegt og mikið unnið með það í hópastarfi.

⁵⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁵¹ Námskrá leikskólans.

⁵² Starfsáætlun leikskólans.

⁵³ Rýnihópur starfsmanna.

Í leikskólanum matast börnin inni á sínum kjörnum. Hóparnir sitja saman við borð með sínum hópstjóra. Börn í skólakjarna borða með starfsmönnum kjarnans og yngri bekkjum grunnskólans í matsal skólans.

Leikföng og efniviður

Í aðalnámskrá leikskóla segir að börn eigi að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska, þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.⁵⁴ Í skólanámskrá leikskólans er lögð áhersla á fjölbreytt verkefnaval og opinn efniviður.⁵⁵ Matsmenn sáu fá merki þess í vettvangsathugunum. Leikföng leikskólans og efniviður er einfaldur og fábrotinn. Mikið er unnið með kubba, á yngsta kjarna eru legokubbar og krosskubbar í boði í vali og á eldri kjörnum (fjögurra og fimm ára börn) eru legokubbar, krosskubbar og smellukubbar í boði í vali, og í hópátímum er boðið upp á einingakubba og holukubba. Í skólakjarna er meira úrval af kubbum og efniviði. Engar bækur eru sjáanlegar eða aðgengilegar fyrir börn á yngri kjörnum og efniviður í listakjarna einhæfur. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeim finnst verkefnaval einhæft og að það vanti fjölbreyttari efniviði.⁵⁶ Kjarnastjórar sögðust telja að fjölbreytilegum þörfum barnanna væri mætt í leikskólanum.⁵⁷ Í vettvangsathugun á valttíma sáu matsmenn eingöngu unnið með liti og blöð á föndursvæði og í hópastund sáu matsmenn aðeins einn hóp vinna í listakjarna þar sem börnin voru að lita og líma á blað. Annar hópur vann inni á sínum kjarna við það að líma myndir á stórt blað. Bæði þessi verkefni voru mjög stýrð af kennara. Allur efniviður er hafður í lokuðum skápum þar sem börnin sjá hann ekki og hafa ekki aðgang að honum. Verkefni og vinna barnanna er ekki sýnileg nema í skólakjarna þar sem myndir eftir börnin eru á veggjum.

Líðan barna

Í rýnihóp barna kom fram að það væri gaman í leikskólanum og að þau vilji vera þar. Þau sögðu að stundum væri verið að stríða en þá setji þau stopp merki og ef það gengi ekki þá segi þau kennurinum.⁵⁸ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telja að börnunum líði almennt vel en hafa þó áhyggjur af því að kerfið sé stundum of stíft og henti ekki öllum börnum jafn vel. Sum börn eiga erfitt með að sitja lengi og kjarna sig en starfsfólk hefur litla möguleika til að bregðast við því, t.d. gagnvart börnum með ofvirkni og misþroska sem eiga erfitt með að sitja lengi kyrr.⁵⁹ Kjarnastjórar sögðu að börnunum líði vel og að þau væru ánægð að koma í leikskólann.⁶⁰ Foreldrar í rýnihópi töluðu um að vel væri tekið á móti börnunum í leikskólanum og þau væru glöð að koma þangað og væru kvödd fallega þegar þau færu heim.⁶¹

Matsmenn sáu að börnin voru glöð og að starfsmenn voru vakandi fyrir því að sinna þeim og bregðast við ef eitthvað fór úrskeiðis hjá þeim.

Lýðræði og mannréttindi

Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst kennararnir ráða því við hverja þau leiki en sögðust mega breyta þegar þau vildu það. Þau sögðu að kennararnir gerðu reglurnar en eitt barn í rýnihópnum taldi sig hafa gert eina reglu sem væri „bannað að meiða“.⁶² Í rýnihópi starfsmanna kom fram að börnin mega ráða hvað þau velja á valttíma og eru spurð hvað þau vilja gera í hópátíma en erfitt geti verið að

⁵⁴ Aðalnámskrá leikskóla bls. 33

⁵⁵ Skólanámskrá leikskólans.

⁵⁶ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁷ Rýnihópur kjarnastjóra.

⁵⁸ Rýnihópur barna.

⁵⁹ Rýnihópur starfsmanna.

⁶⁰ Rýnihópur kjarnastjóra.

⁶¹ Rýnihópur foreldra.

⁶² Rýnihópur barna.

fá fram frumkvæði barnanna. Þegar farið er í vettvangsferðir eru börnin spurð hvert þau vilji fara.⁶³ Í rýnihópi kjarnastjóra kom fram að börnin á eldri kjörnum eru spurð hvað þau vilja gera í hópastarfi þegar áætlun fyrir komandi viku er gerð.⁶⁴ Í vettvangsathugun í skólakjarna sáu matsmenn hvernig unnið var með þátttöku og lýðræði barna í samverustund. Starfsmaður sagði börnunum sögu um stelpu sem greinilega hafði áður verið söguefni í þessum hópi. Börnin tóku þátt í sögugerðinni með því að koma með tillögur um atburðarás og hjálpa starfsmanni við að búa til söguna. Í samtali við leikskólastjóra kom fram að börnin taka ekki þátt í að móta reglur í leikskólanum nema helst í skólakjarna. Börnin koma ekki að gerð matseðla vegna þess að stjórnendur hafa meiri þekkingu á hollustu matar.⁶⁵

Í matartíma sáu matsmenn að á yngri kjörnum er maturinn skammtaður á diska af matarvagni og á eldri kjörnum er maturinn settur á borðið hjá börnunum en þau skammta sér ekki sjálf. Börn í skólakjarna fara í röð til að sækja sér mat sem er skammtaður á diska af starfsmanni.

Samskipti og hegðun

Í samskiptum við börnin er lögð áhersla á að sýna þeim virðingu. Starfsmenn í rýnihópi sögðust reyna að mæta börnunum af jákvæðni og virðingu.⁶⁶ Verið er að innleiða sérstaka agastefnu fyrir leikskólann sem sérkennslustjórnir eru að móta.

Í námsskrá leikskólans er jákvæð agastjórnun skilgreind sem skipulagðar aðferðir í kennslu. Jákvæð agastjórnun byggir á atferlisfræði og gengur út á að fullorðnir umbuni barni fyrir að sýna viðeigandi hegðun frekar en að refsa fyrir óviðeigandi hegðun. Markmiðið er að allir starfsmenn vinni eins, noti sömu orð og aðferðir og að kerfið sé gegnsætt þannig að börnin viti að hverju þau ganga.⁶⁷ Í viðtali við sérkennslustjóra kom fram að verið er að gera handbók um jákvæðan aga. Notaðar voru fjölbreyttar leiðir til að kynna stefnuna fyrir starfsmönnum, s.s. fyrirlestrar og hópavinna með hagnýtum verkfærum sem tveir og tveir starfsmenn unnu saman og æfðu sig að nota stefnuna.⁶⁸

Í vettvangsathugun sáu matsmenn mismunandi færni og þekkingu starfsmanna til að beita jákvæðri agastjórnun. Þessi munur skýrist af því að ennþá er í gangi vinna við að innleiða þessa vinnuaðferð og einnig er nokkrir starfsmenn með stutta starfsreynslu. Dæmi um umbun eru setningar eins og „vel gert vinkona/vinur“. Óæskilegri hegðun er mætt með því að segja barninu að ef það láti ekki af henni þurfi kennarinn að hjálpa því, svo er talið 1,2,3 og ef barnið lætur ekki af hegðuninni er það tekið afsíðis og talað við það. Barninu er síðan boðið að koma aftur inn í hópinn þegar það treystir sér til.

Skólaþróun

Í skólanámskrá Sjálands er fjallað um gæðastefnu leikskólans:

Það er stefna okkar að vera leiðandi í faglegu og árangursríku skólastarfi og efla ímynd þess. Vera fyrirmynd annarra í uppeldis og menntamálum, og hafa áhrif á umræðuna í samfélaginu. Virkja fjölbreytileikann og byggja á jákvæðu viðhorfi og gleði. Efla umhverfishugsun, heilsusamlegt lífverni og náttúrulega gleði. Það er stefna okkar að þjónustan uppfylli væntingar barna, foreldra og sveitafélags, og að skila afburða gæðum í faglegu skólastarfi.⁶⁹

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar töluðu um í viðtölum að Sjáland væri leikskóli í þróun og að það skipti máli að vera með þróunarverkefni.⁷⁰

Í starfsáætlun eru talin upp helstu verkefni og nýbreytni í starfi skólaárið 2014-2015.

⁶³ Rýnihópur starfsmanna.

⁶⁴ Viðtal við kjarnastjóra.

⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁶ Rýnihópur kennara.

⁶⁷ Námskrá leikskólans.

⁶⁸ Viðtal við sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

⁶⁹ Skólanámskrá leikskólans.

⁷⁰ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Áhersla á að innleiða málörvunar- og orðaforðaverkefnið Orðasnilli til þess að auka orðaforða og hlustunarskilning barna.

Umhverfismennt þar sem unnið verður með verkefnið *Magga Moltu*. Verkefnið er hluti af lokaverkefni eins starfsmanns í leikskólanum sem er í meistaranámi.

Mat barna á starfi leikskólans. Þróunarverkefni þar sem unnið verður að því að finna hentugar matsaðferð til að ná fram sýn barna á starf skólans. Verkefnið er lokaverkefni annars starfsmanns leikskólans sem er í meistaranámi.

Áhersla á vinnu með á einingakubbana. Verkefnið á að efla notkun einingarkubba í námi og leik barnanna.

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að mis vel hefur gengið að festa þróunarverkefni í sessi í starfi leikskólans.⁷¹

Styrkleikar

- Á áætlun eru nokkur þróunarverkefni sem stuðla eiga að bættu leikskólastarfi.
- Starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og virðingu.
- Hópastarf er skipulagt viku fram í tímann með aðkomu barna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að greina hvernig unnið er með námsvið leikskólans, *læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu*.
- Gera vinnu með grænfánaverkefnið sýnilegra sem þátt í vinnu með sjálfbærni.
- Gæta þarf þess að verkefni sem boðið er upp á í vali og hópastarfi séu krefjandi og hæfi aldri og þroska barnanna.
- Skoða ætti hvort nýta mætti rými í listaskála betur.
- Æskilegt væri að auka vægi skapandi starfs í leikskólanum.
- Auka mætti áherslu á sjálfshjálp barna og lýðræði í matartímum.
- Leita leiða til að auka þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og verkefnaval.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna fer fram í gegnum skráningar á val tímum og hópastarfi. Fyrir þessar skráningar eru notuð sérstök eyðublöð þar sem fram kemur hvort barn hefur verið að vinna í ákveðinni greind út frá fjölgreindakenning Gardners. Hver hópstjóri heldur einstaklingsskrá fyrir hvert barn í sínum hóp, þar sem hann skráir allar breytingar á þroska, bæði myndrænt og skriflega. Unnið með námssögur og öllum upplýsingum er safnað saman í möppu fyrir hvern einstakling og upplýsingarnar síðan notaðar í foreldraviðtölum og við innra mat í leikskólanum. Þannig verður til heildar skráning yfir þroska barnsins á hverjum tíma fyrir sig. Niðurstöður úr innra mati koma fram í ársskýrslu leikskólans.⁷²

Styrkleikar

- Fylgst er með námi og velferð barna á skipulagðan hátt.

⁷¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷² Skólanámskrá leikskólans.

Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu undir kjörorðunum *jákvæðni, nákvæmni og virðing*.⁷³ Í vinnslu er gæðahandbók þar sem einn kaflinn verður mannauðskafl og gert er ráð fyrir að vinnu við hann verði lokið vorið 2015. Í leikskólanum er talað um alla starfsmenn sem kennara og telur leikskólastjóri það einfalda samskipti við foreldra og minnka líkur á stéttaskiptingu innan leikskólans. Leikskólastjóri, ásamt aðstoðarleikskólastjórum, ber ábyrgð á rekstri og uppeldisstarfi leikskólans. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að lögð er áhersla á að starfsmannahópurinn sé með fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar menntun og reynslu.⁷⁴ Í leikskólanum starfa aðeins tveir leikskólakennarar, leikskólastjórinn og starfsmaður í þjálfunarkjarna. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra eru þrír starfsmenn leikskólans að ljúka námi í leikskólakennarafræðum á þessu ári. Stjórnendur leikskólans leggja áherslu á að fjölga leikskólakennurum við leikskólann, m.a. með því að gera námssamninga við starfsmenn sem fara í nám.⁷⁵ Við leikskólann starfar fólk með aðra uppeldismentun, s.s. grunnskólakennarar, þroskaþjálfar og fólk með sálfræðimenntun. Þessi menntun nýtist ágætlega í vinnu með börnunum en brýnt er að fjölga leikskólakennurum til að leiða faglegt starf í leikskólanum. Flestir starfsmenn á þjálfunarkjarna eru með menntun sem nýtist vel í sérkennslu, þjálfun og leiðbeiningu fyrir aðra starfsmenn. Kjarnastjórar eru stjórnendur á sínum kjarna og bera ábyrgð á starfsemi hans. Kjarnastjórar í rýnihópi sögðu að hlustað væri á hugmyndir þeirra, t.d. hafi verið tekið tillit til hugmynda þeirra um breytingu á dagskipulaginu.⁷⁶ Til er símenntunaráætlun fyrir starfsmenn fyrir skólaárið 2014-2015 sem m.a. nær yfir alla starfsmanna- og kjarnafundi ársins. Starfsmenn fá staðfestingu næsta yfirmanns um að þeir hafi tekið þátt í fundum innan leikskólans og eiga starfsmenn að skila blaðinu fyrir 1. september ár hvert til síns kjarnastjóra og það er notað sem gagn í starfsþróunarviðtali. Í byrjun skólaársins er gerð áætlun um verkefni funda og starfsdaga. Í starfsáætlun leikskólans 2014-2015 er talað um hvatningu til náms og fagmennsku starfsmanna og að áhersla verði lögð á að allir starfsmenn ígrundi sína fagmennsku. Skólinn hvetur starfsfólk til að sækja námskeið og nám í tengslum við starf leikskólans.⁷⁷

Nokkuð er um að starfsmenn stundi nám samhliða starfi í leikskólanum, m.a. í leikskólakennarafræðum. Starfsfólk hefur val um hvort það vinnur styttri vinnudag þegar það sækir staðarlotur og verknám eða hvort það gerir námssamning við leikskólann um að vera á launum í staðarlotum og verknámi. Í rýnihópum starfsmanna og kjarnastjóra kom fram að ekki væri mikið framboð af námskeiðum og einnig vanti hvatningu frá yfirmönnum til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.⁷⁸ Í áætlun fyrir starfsmannafundi og starfsdaga má sjá að þar er boðið upp á fræðslu sem tengist starfsemi leikskólans.⁷⁹

Starfsandi

Stjórnendur sögðu að ýmislegt væri gert til að efla gleði og góðan starfsanda og nefndu í því sambandi fræðsluferðir innanlands og utan, árhátíð og óvissuferðir. Starfsdögum lýkur yfirleitt á því að starfsmönnum er boðið í mat. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að samskipti innan starfsmannahópsins væru góð en samskipti við yfirstjórnendur væru ekki nógu góð, yfirmenn mættu gera meira til að viðhalda góðum starfsanda, þó það ætti ekki við um þá alla, einn af stjórnendunum hafi reynt að bæta starfsandann. Starfsmenn í rýnihópi sögðu að nokkuð bæri á því að ekki væri komið fram við alla á sama hátt.⁸⁰ Aðstoðarleikskólastjórar sögðust telja að yfirstjórn leikskólans hrósi starfsfólki en e.t.v. mætti gera meira af því, fylgjast betur með á kjörnum og hrósa starfsmönnum fyrir frumkvæði í starfi.⁸¹ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að mikið sé um hrós innan starfsmannahópsins og frá kjarnastjórum en stjórnendur leikskólans mættu fylgjast betur með störfum fólks og hrósa því fyrir vel unnin verkefni og góðar hugmyndir.⁸² Í rýnihópi starfsmanna kom fram gagnrýni á matinn í leikskólanum, hann mætti vera betri og meiri.⁸³

⁷³ Starfsáætlun leikskólans.

⁷⁴ Skólanámskrá leikskólans og viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁶ Rýnihópur kjarnastjóra.

⁷⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁸ Rýnihópur starfsmanna og kjarnastjóra.

⁷⁹ Efni frá leikskólastjóra - Starfsmannafundir og starfsdagar.

⁸⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁸¹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁸² Rýnihópur starfsmanna.

⁸³ Rýnihópur starfsmanna.

Jafnrétti

Leikskólinn er með jafnréttisáætlun og í starfsmannastefnu sem birt er í starfsáætlun leikskólans 2014-2015 eru sett markmið fyrir skólaárið um jafnlaunastefnu og jafnréttisstuðul.⁸⁴ Yfirstjórn og kjarnastjórar telja vel unnið með jafnrétti í leikskólanum. Í viðtali ræddi leikskólastjóri um mikilvægi þess að treysta starfsfólki: „Mundi segja að það að allir beri ábyrgð á sínum hóp verði til þess að fólk finni að því er treyst og það geti haft áhrif og hafi eitthvað að segja. Að vera hópstjóri án uppeldismenntunar sem leitað getur eftir hjálp ef á þarf að halda en finnur þá að honum er treyst og er spurður álits. Helst að þetta með virðinguna sé lykilkáttur. Okkur finnst gott að hafa bæði stelpur og stráka í starfsmannahópnum, held að strákunum sé ekki hampað frekar en stelpum“.⁸⁵

Styrkleikar

- Almennt eru samskipti og starfsandi í leikskólanum góð.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Leikskólinn er með jafnréttisáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að láta gera viðhorfskönnun á starfsumhverfi og starfsánægju.
- Stjórnendur ættu að veita starfsfólki markvissa endurgjöf og hrósa fyrir vel unnin störf og góðar hugmyndir.
- Brýnt er að leita leiða til fjölga leikskólakennurum í leikskólanum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn eða sveitarfélagið hafa ekki gert formlegar foreldrakannanir en ákveðið hefur verið að leikskólinn taki framvegis þátt í Skólapúlsinum í Garðabæ. Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Reglur eru um samskipti við foreldra þegar börn koma og fara úr leikskólanum, það á að heilsa og kveðja öll börn daglega. Matsmenn geta vitnað um að þessum reglum er fylgt eftir. Foreldrar í rýnihópi voru almennt ánægðir með starfsemi leikskólans og töluðu meðal annars um að gott væri að sömu reglur gilda fyrir alla og allir starfsmenn vinna eins eftir agastefnunni sem gerð hefur verið: „Við fengum kynningu á henni og gátum komið með athugasemdir“. Að sögn foreldra hafa þeir tekið þátt í mótun starfsins: „Man þegar ég byrjaði, þá tók ég þátt í verkefni um að koma með ýmsar hugmyndir – þjóðfundarfyrirkomulag - líka í póstinum erum við hvött til þátttöku og koma með tillögur.“⁸⁶

Foreldrar sögðu að mikill agi væri í leikskólanum en agastjórnunin væri með jákvæðum hætti. Einnig töluðu foreldrar um að aðgengi væri gott að öllum.⁸⁷ Foreldrum í rýnihópi fannst gott hvað börnin fengu mikið að velja, væru hvött til að tjá sig og töldu að yfirleitt væru foreldrar ánægðir með framfarir barnanna. Í rýnihópnum var nokkuð rætt um leikfangakost leikskólans og að börnunum væri ekki kennt nógu vel að fara með efniviðinn, e.t.v. vegna þess að ekki væri verið að vinna með hluti sem þörf væri á að fara vel með en þátttakendur voru sammála um að börnunum væri kennt að ganga frá eftir sig. Að mati foreldra í rýnihópi er mikil starfsmannavelta í leikskólanum og þeir töldu að það þyrfti að greina hver væri ástæðan fyrir henni. Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar en vilja fá meiri upplýsingar á heimasíðu um matinn, sem þeir töldu annars góðan.⁸⁸ Í viðtölum við stjórnendur og í rýnihópum kjarnastjóra og starfsmanna kom fram að foreldrar eru velkomnir í leikskólann og er boðið að taka þátt í ýmsum viðburðum, s.s. foreldrakaffi, ömmu- og afakaffi, karnevali á 17. júní o.fl.⁸⁹ Margar leiðir eru farnar til að miðla upplýsingum til foreldra, t.d. á heimasíðu, með tölvupósti, á upplýsingatöflu í fataklefa og með munnlegum skilaboðum. Skólakjarni er með lokaða Facebook-síðu fyrir foreldra og starfsfólk kjarnans og ánægja er með það fyrirkomulag.⁹⁰

⁸⁴ Starfsáætlun leikskólans – Jafnréttisáætlun.

⁸⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁸⁶ Rýnihópur foreldra.

⁸⁷ Rýnihópur foreldra.

⁸⁸ Rýnihópur foreldra.

⁸⁹ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, kjarnastjóra og rýnihóp kennara.

⁹⁰ Rýnihópar starfsmanna og foreldra.

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur verið starfandi við leikskólann frá 2011. Ekki er kosið í foreldraráð, heldur leitar leikskólastjóri til foreldra sem sýnt hafa áhuga á leikskólastarfinu.⁹¹ Fram kemur á heimasíðu leikskólans að foreldraráð starfar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.⁹² Starfsreglur fyrir foreldraráð eru á heimasíðu leikskólans. Leikskólastjóri fundar nokkrum sinnum á ári með foreldraráði sem les yfir og samþykkir skólanámskrá og starfsáætlun. Foreldraráð var fengið til að lesa yfir agastefnu leikskólans og koma með tillögur að breytingum. Foreldraráð kemur á framfæri tillögum og ábendingum til stjórnenda um önnur mál er varða leikskólann.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann, fundargerðir frá stjórnarfundum eru birtar á heimasíðu og þar eru einnig upplýsingar um starfsreglur félagsins.

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Sjálandsskóli er samstarfsskóli leikskólans. Leikskólinn gerði samning við Garðabæ til þriggja ára um afnot af húsnæði í grunnskólanum fyrir skólakjarnann en sá samningur rennur út árið 2016. Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólans gerðu samstarfssamning milli skólanna. Um er að ræða skriflegan ramma sem unninn er út frá verkefninu *Brúum bilið*⁹³ sem allir skólar í Garðabæ nota. Kjarnastjóri skólakjarna, kennarar í fyrsta bekk og aðstoðarskólastjóri grunnskólans bera ábyrgð á samstarfinu. Mat fer árlega fram á samstarfinu en að mati leikskólastjóra væri betra að matið væri gert að vori en að hausti eins og nú er. Leikskólinn fær afnot af íþróttasal og sundlaug grunnskólans og nýtir skólalóðina í útivist, auk þess sem leikskólabörnin borða í matsal grunnskólans með nemendum í 1. bekk grunnskólans.

Annað samstarf

Leikskólinn er ekki í formlegu samstarfi við aðrar stofnanir í sveitarfélaginu en hefur átt í óformlegu samstarfi við eldri borgara, harmonikkufélagið í Garðabæ og tónlistarskólinn hefur komið í heimsókn. Félagasamtökum og trúfélögum er leyft að auglýsa starfsemi fyrir börn í leikskólanum.

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við stjórnendur og starfsfólk.
- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Gott samstarf er á milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa á í foreldraráð ár hvert.
- Æskilegt væri að taka upp umræðu með foreldrum um leikfangakost og efnivið og umgengni um hann.

⁹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹² Heimasíða leikskólans.

⁹³ *Brúum bilið*. 1997.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum hefur verið byggð upp metnaðarfull þjónusta við börn með sérþarfir með áherslu á atferlisþjálfun. Í sérkennsluteymi leikskólans starfa sérkennslustjóri og tveir sérfræðingar. Markmið sérkennsluteymis er að vera stuðningur fyrir kennara og foreldra og veita ráðgjöf fyrir þau börn sem þurfa. Skriflegur ferill er til fyrir sérkennsluteymið. Þegar starfsmaður sérkennsluteymis hefur fylgst með barni veitir hann ráðgjöf til þess starfsmanns sem annast kennslu barnsins. Þegar þörf er á er málum vísað til sérfræðinga til frekari greiningar.⁹⁴ Annar hluti þjónustunnar kallast *þjálfunarkjarni* og markmið þeirrar starfsemi er að vera leiðandi í atferlisþjálfun í leikskólum landsins.⁹⁵ Í sérkennsluteymi og í þjálfunarkjarna starfa samtals 16 manns í mismunandi stöðuhlutföllum, m.a. sérkennslustjóri og kjarnastjóri þjálfunarkjarna. Þjálfun barna fer fram í öllum aðstæðum barnsins yfir daginn og sér umsjónarþjálfari til þess að þjálfun sé skipulögð á hverjum stað og að allir sem vinna með barninu viti hvað verið er að þjálfna á hverjum stað.

Skipulögð teymisvinna þjálfanna veitir börnunum fjölbreytta þjálfun þar sem tveir til þrjú koma að þjálfun hvers barns. Einstaklingsþjálfun fer fram í rými þjálfunarkjarnans sem er rúmgott og vel búið.⁹⁶ Í viðtali við starfsmenn sérkennsluteymis og þjálfunarkjarna kom fram að tilgangur þjónustunnar sé „að vera stuðningur við foreldra ef börn þurfa aðstoð“.⁹⁷ Aðaláhersla er lögð á að stuðningur og einstaklingsþjálfun fari fram í almennu kennslunni eins mikið og mögulegt og þegar það á við. „Við erum rík af mannauði, vel menntað starfsfólk í sérkennsludæminu. Góð samskipti við foreldra og annað starfsfólk. Fagþekkingin er orðin góð, með breytt svið af menntun hjá þjálfunum, talmeinafræði, atferlisfræði, þroskaþjálfari sem gerir mikinn stuðning í hópinn. Margir þjálfar á öllum kjörnum svo þekkingin dreifist vel. Teymisvinnan mikilvæg og styrkir einstaklinga og heild“.⁹⁸ Leikskólinn notar Catalys skráningarkerfi fyrir iPada og segir sérkennslustjóri að með því nýtist tíminn betur, „Gott að hafa teymi þannig að það eru ekki alltaf sömu einstaklingarnir með börnin“.⁹⁹

Í vettvangsathugun sáu matsmenn hvernig stuðningur og sérkennsla fór fram í almennu starfi inni á kjörnum og einstaklingsþjálfun fyrir þá sem á þurftu að halda inni í þjálfunarkjarna. Menntun þjálfara nokkuð fjölbreytt, nokkrir eru þroskaþjálfar eða með B.Ed eða BA í sálarfræði eða uppeldisgreinum. Þessi fjölbreytti menntunarbakgrunnur þjálfanna nýtist vel í starfi á þjálfunarkjarna. Teymisvinna var einnig sýnileg á vettvangi þar sem matsmenn sáu þjálfara skiptast á um að vera með einstaka börnum. Ekki er til sérstök móttökuáætlun fyrir börn með sérþarfir þar sem þeim er vísað beint til sérkennsluteymisins. Vinna er í gangi við gerð verkferla fyrir sérkennsluteymi og þjálfunarkjarna.

Fjölskyldusvið Garðabæjar veitir ýmsa þjónustu og ráðgjöf til leik- og grunnskóla og foreldra í bæjarfélaginu.

Leikskólinn Sjáland fær þjónustu sálfræðings fjölskyldusviðs við frumgreiningar og hefur aðgang að ráðgjöf sérkennsluráðgjafa. Verktaki á vegum Garðabæjar er til ráðgjafar fyrir starfsmenn leikskólans varðandi atferlisþjálfun.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Til er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku í leikskólanum. Þar er gert ráð fyrir að í fyrsta viðtali hitti foreldri þann starfsmann sér um aðlögun barnsins eða kjarnastjóra viðkomandi kjarna. Í móttökuáætlun er talað um að gott sé að hvetja foreldra til að tala móðurmál sitt við nemandan meðan á aðlögunarferlinu stendur.¹⁰⁰ Lögð er áhersla á íslenskukennslu fyrir börnin og hún fer fram í málörvunarhópum en ekki er unnið með móðurmál barnanna. Árlega er haldin fjölþjóðavika þar sem bakgrunnsmenning fjölskyldunnar er kynnt á margvíslegan hátt með aðstoð foreldra. Boðið er upp á túlkajónustu fyrir foreldra sem þess þurfa.

⁹⁴ Skólanámskrá leikskólans.

⁹⁵ Skólanámskrá leikskólans.

⁹⁶ Skólanámskrá leikskólans.

⁹⁷ Viðtal við sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

⁹⁸ Viðtal við sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

⁹⁹ Viðtal við sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

¹⁰⁰ Gögn frá leikskólastjóra – Móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur byggt upp metnaðarfulla þjónustu fyrir börn með sérþarfir.
- Leikskólinn nýtir ráðgjöf og þjónustu fjölskyldusviðs Garðabæjar.
- Unnið er að gerð verkferla fyrir sérkennsluteymi og þjálfunarkjarna.

Tækifæri til umbóta

- Auka mætti upplýsingar á heimasíðu leikskólans um þjónustu sérkennsluteymis og þjálfunarkjarna.
- Skoða mætti áherslur og vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku, t.d. vinnu með móðurmál þeirra og aðferðir við íslenskukennslu.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði leikskólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra, eftir því sem við á, og birta niðurstöður opinberlega. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.¹⁰¹

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir því að í upphafi hvern annar setji hver kjarni sér markmið sem endurmetin eru í lok annar. Umbótaáætlun og markmið næstu annar eru unnin út frá niðurstöðu endurmatsins og birt í ársskýrslu.¹⁰²

Við mat á skólastarfinu er gerð skráning á öllu starfinu, bæði hópatímum og valtímum. Í lok hvers mánaðar gerir hópstjóri endurmat fyrir sinn hóp, hvað hefur áunnist, hvað má betur fara og setur sér síðan markmið fyrir næsta mánuð. Við vinnslu á ársskýrslu liggja þessi skráningarblöð til grundvallar endurmati á starfi leikskólans.

Í viðtölum kom fram að kjarnastjórar kom ekki að gerð matsáætlunar um innra mat eða því að ákveða forgangsröðun, skipulag eða framkvæmd. Ekki fer fram mikil umræða um niðurstöður innra mats í leikskólanum en þær eru birtar í ársskýrslu.¹⁰³ Ekki er starfandi matsteymi innan skólans að sögn kjarnastjóra í rýnihópi en í viðtali við leikskólastjóra kom fram að aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri mynda matsteymi leikskólans. Leikskólastjóri sagði að foreldrar hefðu ekki komið markvisst að innra mati til þessa en áformað er að leikskólinn verði aðili að Skólapúlsinum í Garðabæ sem kemur til með að auka þátt foreldra í innra mati leikskólans. Niðurstöður mats og umbótaáætlun eru ekki kynnt sérstaklega fyrir foreldrum en eru birt í ársskýrslu sem fer á heimasíðu.¹⁰⁴

Börnin hafa ekki komið að mati á skólastarfinu en í starfsáætlun 2014-2015 kemur fram að verið er að vinna þróunarverkefni um sýn barna á leikskólastarfið.¹⁰⁵ Kjarnastjórar og aðstoðarleikskólastjórar nefndu aðspurðir nýleg dæmi um umbætur í kjölfar innra mats; dagskipulagi var breytt í desember síðastliðin eftir annarmat og sett var upp ný upplýsingatafla í kaffistofu þar sem skrifaðar eru upplýsingar frá morgunfundi kjarnastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.¹⁰⁶ Mat starfsfólks fer fram í gegnum starfsmannasamtöl. Fyrir starfsmannaviðtal fyllir kjarnastjóri út eyðublað um frammi-stöðu sína og sinna starfsmanna, einnig meta starfsmenn eigin frammistöðu og frammistöðu síns kjarnastjóra. Aðstoðarleikskólastjóri sem hefur umsjón með starfsmannamálum leikskólans notar þetta mat í starfsmannasamtölum. Í þeim setur starfsfólk sér markmið og er sumum þeirra fylgt eftir með frekari samtölum.¹⁰⁷

¹⁰¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

¹⁰² Skólanámskrá leikskólans.

¹⁰³ Ársskýrsla leikskólans.

¹⁰⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰⁵ Starfsáætlun leikskólans.

¹⁰⁶ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁰⁷ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Niðurstöður innra mats eru ekki alltaf kynntar á starfsmannafundum en kjarnastjórafundir eru notaðir til að ræða niðurstöður. Kjarnastjórar sjá um að koma upplýsingum til sinna starfsmanna á kjarnafundum. Fram kom í rýnihópi kjarnastjóra að oft á tíðum finnst þeim lítið gert með niðurstöður matsins.¹⁰⁸ Upplýsingar úr matinu nota aðstoðarleikskólastjórar og leikskólastjóri til að vinna áfram með starfsemi og skipulag leikskólans.¹⁰⁹

Styrkleikar

- Skráningar á vali og hópastarfi eru nýttar í innra mati.
- Unnar eru námssögur með öllum börnum á hverri önn.
- Gerð er einstaklingsmappa með skráningum, myndum og námssögum sem fylgir barninu út leikskólagönguna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma.
- Skoða hvernig foreldrar og börn geta komið meira að mati á leikskólastarfinu.
- Kynna ætti niðurstöður innra mats og ræða á starfsmannafundum.
- Æskilegt væri að gera umbótaáætlun sýnilegri.

¹⁰⁸ Viðtal við kjarnastjóra.

¹⁰⁹ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- A = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- B = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- C = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- D = rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun		Uppeldis- og menntastarf		Leikskólabragur		Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklags reglur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðmót og menning	Velferð og líðan barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og faglegur rekstur	Faglegt samstarf	Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Námssvið leikskólans	Hlutverk leikskólakennara	Fagmennska starfsfólks	Viðhorf foreldra	Opinber birting og umbætur
Leikskóla-þróun og símenntun		Leikskóli án aðgreiningar	Mat á námi og velferð barna	Starfsánægja			Gagnasöfnun og vinnubrögð

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Sjálands: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektafarna fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektafarna sett fram á sama hátt.

Helstu styrkleikar leikskólans Sjálands

- Leikskólinn hefur mótað ákveðna hugmyndafræði og gildi sem starfsfólk þekkir.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.
- Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, að mæta hverju barni þar sem það er statt og gefa því tækifæri til að vinna á eigin forsendum.
- Í gangi er vinna við gæðahandbók fyrir leikskólann.
- Verið er að innleiða jákvæða agastjórnun til að samræma starfsaðferðir í leikskólanum.
- Skólanámskrá leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Lykilþættir í uppeldissýn leikskólans koma fram í skólanámskrá.
- Í hópastarfi í skólakjara er lögð áhersla á alla þætti sem fram koma skólanámskrá.
- Í skólakjara er unnið með læsi, stærðfræði og lýðræði.
- Samskipti starfsfólks við börnin einkennast af hlýju og virðingu.
- Á yngri kjörnum tekur starfsfólk þátt í leik barnanna.
- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samskipti stjórnunarteymis eru góð og verkaskipting skýr og skrifleg.
- Leikskólinn hefur gert móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Leikskólinn gefur út starfsáætlun og skilar árlega ársskýrslu.
- Leikskólinn er með ýtarlega viðbragðsáætlun.
- Á áætlun eru nokkur þróunarverkefni sem stuðla eiga að bættu leikskólastarfi.
- Starfsfólk sýnir börnunum umhyggju og virðingu.
- Hópastarf er skipulagt viku fram í tímann með aðkomu barna.
- Almennt eru samskipti og starfsandi í leikskólanum góð.
- Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.
- Leikskólinn er með jafnréttisáætlun.
- Fylgst er með námi og velferð barna á skipulagðan hátt.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við stjórnendur og starfsfólk.
- Góð upplýsingagjöf er til foreldra.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Gott samstarf er á milli skólastiga.
- Leikskólinn hefur byggt upp metnaðarfulla þjónustu fyrir börn með sérþarfir.
- Leikskólinn nýtir ráðgjöf og þjónustu fjölskyldusviðs Garðabæjar.
- Unnið er að gerð verkferla fyrir sérkennsluteymi og þjálfunarkjarna.
- Skráningar á vali og hópastarfi eru nýttar í innra mati.
- Unnar eru námssögur með öllum börnum á hverri önn.
- Gerð er einstaklingsmappa með skráningum, myndum og námssögum sem fylgir barninu út leikskólagönguna.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Skilgreina ætti markmið hópastarfs betur, endurskoða skipulag þess og meta hvort það samræmist skólanámskrá og aðalnámskrá.
- Þjóða ætti upp á meiri fjölbreytni í verkefnum í vali.
- Gera ætti bækur sýnilegri og bæta aðgengi barna að þeim.
- Sjá til þess að þau verkefni sem í boði eru í vali séu hæfilega krefjandi og hæfi aldri og þroska barna.
- Auka þarf aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Æskilegt væri að gera vinnu með Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum.
- Æskilegt væri að skoða ferli ákvarðanatöku í leikskólanum.
- Æskilegt væri að taka upp umræðu um undirbúningstíma við starfsfólk.
- Auðvelda ætti foreldrum að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við stjórnendur.
- Æskilegt er að greina hvernig unnið er með námsvið leikskólans, *læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu*.
- Gera vinnu með grænfánaverkefnið sýnilegra sem þátt í vinnu með sjálfbærni.
- Gæta þarf þess að verkefni sem boðið er upp á í vali og hópastarfi séu krefjandi og hæfi aldri og þroska barnanna.
- Skoða ætti hvort nýta mætti rými í listaskála betur.
- Æskilegt væri að auka vægi skapandi starfs í leikskólanum.
- Auka mætti áherslu á sjálfshjálp barna og lýðræði í matartímum.

- Leita leiða til að auka þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og verkefnaval.
- Æskilegt væri að láta gera viðhorfskönnun á starfsumhverfi og starfsánægju.
- Stjórnendur ættu að veita starfsfólki markvissa endurgjöf og hrósa fyrir vel unnin störf og góðar hugmyndir.
- Brýnt er að leita leiða til fjölga leikskólakennurum í leikskólanum.
- Kjósa á í foreldraráð ár hvert.
- Æskilegt væri að taka upp umræðu með foreldrum um leikfangakost og efnivið og umgengni um hann.
- Auka mætti upplýsingar á heimasíðu leikskólans um þjónustu sérkennsluteymis og þjálfunarkjarna.
- Skoða mætti áherslur og vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku, t.d. vinnu með móðurmál þeirra og aðferðir við íslenskukennslu.
- Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma.
- Skoða hvernig foreldrar og börn geta komið meira að mati á leikskólastarfinu.
- Kynna ætti niðurstöður innra mats og ræða á starfsmannafundum.
- Æskilegt væri að gera umbótaáætlun sýnilegri.

Lokaorð

Leikskólinn Sjáland hefur mótað sér eigin hugmyndafræði, Fjölvisistefnu, sem byggir á fjölgreindakenningu Howard Gardner. Gildi leikskólans er *jákvæð gleði*. Skólanámskrá leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Unnið er að gæðahandbók og innleiðingu jákvæðrar agastefnu. Öll opinber gögn leikskólans eru vel unnin og flest birt á heimasíðu hans. Börnunum í leikskólanum virðist líða vel og samskipti starfsfólks við þau einkennast af umhyggju, hlýju og virðingu. Leikskólinn hefur byggt upp metnaðarfulla þjónustu við börn með sérþarfir. Starfsfólk þjálfunarkjarna og sérkennsluteymis er með menntun í ýmsum uppeldisgreinum, s.s. sálfræði og þroskaþjálfarafræði, sem nýtist vel í starfinu.

Brýnt er að fjölga leikskólakennurum en aðeins tveir leikskólakennarar eru starfandi við leikskólann og hann uppfyllir því ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Almennt eru samskipti og starfsandi í leikskólanum nokkuð góð en æskilegt væri að láta gera viðhorfskönnun meðal starfsfólks um starfsaðstöðu og starfsánægju. Huga þarf að því að þau verkefni sem í boði eru í vali og hópastarfi séu fjölbreytt, krefjandi og hæfi þroska og aldri barna. Þörf er á að styrkja innra mat leikskólans, gera matsáætlun til lengri tíma, skoða hvernig foreldrar og börn geta komið meira að matinu og æskilegt er að gera umbótaáætlun sýnilegri.

Heimildir

Ársskýrsla leikskólans Sjálands. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/> Sótt á vef 12. febrúar 2011.

Brúum bilið. 1997. Menntamálaráðuneytið: Reykjavík. Vefslóð: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/bruumbilid.pdf. Sótt á vef 15. febrúar 2015.

Gardner, Howard. 1983. *Frames of Mind*. Basic Books: New York.

Gögn frá leikskólastjóra - Viðbragðsáætlun leikskólans Sjálands.

Gögn frá leikskólastjóra: *Leikskólinn Sjáland – viðverustefna*.

Gögn frá leikskólastjóra: *Handbók nýliðans – Móttaka og þjálfun nýrra starfsmanna*.

Heimasíða leikskólans Sjálands. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/> Sótt á vef 14. febrúar 2015.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur kennara.

Rýnihópur kjarnastjóra.

Skólanámskrá leikskólans Sjálands. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/skjalasafn/sjaland12.pdf> Sótt á vef 12. febrúar 2015.

Skólastefna Garðabæjar. Vefslóð: <http://www.gardabaer.is/library/Files/Skolamal/Skólastefna%20lokaskjal.pdf>. Sótt á vef 7. febrúar 2015.

Starfsáætlun leikskólans – Jafnréttisáætlun. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/skjalasafn/sjaland13.pdf> Sótt á vef 13. febrúar 2015.

Starfsáætlun leikskólans Sjálands. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/skjalasafn/sjaland13.pdf> Sótt á vef 12. febrúar 2015.

Upplýsingar frá leikskólastjóra – umsókn um Grænfána. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/sjaland/skjalasafn/sjaland15.pdf> Sótt á vef 17. febrúar 2015.

Upplýsingar frá starfsmanni skólakjarna.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólafulltrúa Garðabæjar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við sérkennslustjóra og yfirmenn þjálfunarkjarna.

